

Fundargerð

Stjórnarfundur Íþróttabandalags Hafnarfjarðar.

Haldinn 8. maí 2024.

Staður: Fundarherbergi / skrifstofa 1. hæð Íþróttahúsinu við Strandgötu.

Hófst kl.16.30 og lauk kl.17.50.

Mætt: Hrafnkell Marinósson (Teams), Hildur Vilhelmsdóttir (Teams), Viðar Halldórsson, Anna Lilja Sigurðardóttir, Már Sveinbjörnsson, Aðalbjörg Óladóttir, Arnfríður Kristín Arnardóttir og Magnús Gunnarsson. Forföll: Ragnar Hilmarsson.

Dagskrá:

- Aðildarumsókn að ÍBH Krikketklúbbur Hafnarfjarðar**
Bréf dagsett 23. apríl sl. frá Krikketklúbbi Hafnarfjarðar tekið fyrir. Félagið óskar eftir inngöngu í Íþróttabandalag Hafnarfjarðar. Stjórn ÍBH samþykkir aðildarumsókn félagsins og samþykkti að inntökugjald yrði kr. 60.000.
- Úthlutun úr Ferðasjóði íþróttafélaga innanlands 2023**
Lagt fram til kynningar og umræðna. Samtals var úthlutað 123,9 milljónum króna vegna ferða árið 2023. Flestir styrkir voru vegna ferða knattspyrnuliða kr. 62.479.502. Átta félög innan ÍBH fengu samtals kr. 4.650.258, BH kr. 55.270, AÍH kr. 58.521, Björk kr. 60.147, SH kr. 61.772, ÍH kr. 172.022, Blakfélag Hafnarfjarðar kr. 253.957, FH kr. 385.727 og Haukar kr. 3.602.842.
- Málþing um verndun og velferð í íþróttum**
Lagt fram til kynningar. Fimleikasamband Íslands hélt málþingið dagana 12. og 13. apríl sl.
- Lög Íþróttafélags Hafnarfjarðar**
Bréf dagsett 15. apríl sl. frá lögfræðingi Stjórnsýslusviðs ÍSÍ tekið fyrir. Bréfið leggur til lagfæringar á lögum ÍH. Á framkvæmdastjórnarfundum ÍSÍ 11. apríl sl. staðfesti framkvæmdastjórn ÍSÍ lög félagsins með áorðnum breytingum en með fyrirvara um lagfæringar sem teknar eru fram í bréfinu á næsta aðalfundi félagsins. Stjórn ÍBH staðfestir lög félagsins og tekur undir tillögu ÍSÍ um lagfæringar á lögum félagsins.
- Lög Badmintonfélags Hafnarfjarðar**
Bréf dagsett 15. apríl sl. frá lögfræðingi Stjórnsýslusviðs ÍSÍ tekið fyrir. Bréfið leggur til lagfæringar á lögum BH. Á framkvæmdastjórnarfundum ÍSÍ 11. apríl sl. staðfesti framkvæmdastjórn ÍSÍ lög félagsins með áorðnum breytingum en með fyrirvara um lagfæringar sem teknar eru fram í bréfinu á næsta aðalfundi félagsins. Stjórn ÍBH staðfestir lög félagsins og tekur undir tillögu ÍSÍ um lagfæringar á lögum félagsins.
- Dansíþróttaping 23. maí 2024 Reykjavík.**
Lagt fram til kynningar.

7. Lög aðildarfélaga ÍBH

Á Íþróttþingi 2019 voru samþykktar breytingar á lögum ÍSÍ, nánar tiltekið á grein 46.2. Í breytingunni felst að íþróttahéruðum og íþróttabandalögum ber nú að skila yfirliti yfir lög aðildarfélaga í lok hvers árs. Þetta er í fyrsta skipti sem ÍSÍ kallar eftir þessum upplýsingum frá ÍBH, farið yfir yfirlit aðildarfélaga ÍBH.

8. Hnefaleikaþing 25. maí 2024 Reykjavík

Lagt fram til kynningar.

9. Ársreikningur ÍSÍ 2023

Lagður fram til kynningar.

10. Skýrsla. Áfram Ísland! Tillögur að fyrirkomulagi afreksstarfs apríl 2024.

Lögð fram til kynningar. Skýrslan verður send á öll aðildarfélög ÍBH.

11. Svæðisskrifstofur íþróttahreyfingarinnar

Fundarmenn upplýstir um stöðuna.

12. Önnur mál

a). Farið yfir drög að dagskrá fræðsluferðar stjórnar ÍBH 21. – 23. maí nk.

b). Stjórn ÍBH óskar Brettafélagi Hafnarfjarðar innilega til hamingju með nýja aðstöðu fyrir hjólabretti og hjól að Selhelli 7 í Hafnarfirði. Ennfremur er Hafnarfjarðarbæ þakkað fyrir mjög gott samstarf varðandi aðstöðuna.

Fundarritari: Elísabet Ólafsdóttir framkvæmdastjóri ÍBH.